

## Reglugjörð

105  
24. ágúst

um breyting á reglugjörð fyrir Árnessýslu um fjallskil, réttahöld, grenjaleitir  
o. fl., vestan Hvítár og Ölfusár 6. ágúst 1910.

28. gr. breyttist þannig:

Í stað orðanna: »fær finnandi í fyrstu eftirleit  $\frac{1}{3}$  af lambsverði, en aðeins  $\frac{1}{4}$  hluta af verði eldri kinda, eptir mati hreppsnefndar,« komi: »fær finnandi í fyrstu eftirleit 1 kr. af lambsverði, en 2 kr. af verði eldri kinda.«

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Árnessýslu hefir samið og samþykkt, samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 14, 22. marz 1890, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1910.

Í stjórnarráði Íslands, 24. ágúst 1910.

**Björn Jónsson.**

*Jón Hermannsson.*

## Reglugjörð

106  
2. sept.

um notkun hafskipabryggju Stykkishólmskaupþúns m. m.

Stjórnarráð Íslands hefir 2. september 1910 gefið út svofelda reglugjörð um notkun hafskipabryggju Stykkishólmskaupþúns m. m., samkvæmt lögum nr. 62 frá 10. nóvember 1905.

1. gr.

Öll skip (seglskip, gufuskip og önnur gangvélaskip), er ætla að leggjast við hafskipabryggjuna, skulu skyld að hlífa bryggjuhöfðinu sjálfu við átökum, en nota aðallega til að draga sig að, ból þau, beggja megin bryggjunnar, og hringi í Stykkinu, sem til þess er ætlað.

Smáskip minni en 15 smálestir og gangvélabátar eru þó undanþegin ofangreindu ákvæði.

Leiðbeini hafnsögumaður skipi inn á höfn, skal hann skyldur að benda skipstjóra á bólin og hringina, er skipinu sé skylt að nota til að draga sig að bryggjunni.